

Kjarvalsstaðir og Listahátíð:

ISLENSK HLJÓDLIST

Gunnar Reynir Sveinsson
Helgi Pétursson
Kjartan Ólafsson
Lárus H. Grímsson
Magnús Blöndal Jóhannsson
Snorri Sigfús Birgisson
Þorkell Sigurbjörnsson
Þorsteinn Hauksson

Íslensk raf- og tölvutónlist
Kjarvalsstöðum, 27. - 30. júní, 1984

Íslensk hljóðlist

Frá upphafi vega hefur verið fyrir hendi áhugi á hvernig nota megi tækniframfarir í þágu listsköpunar og má segja að hugmyndafræði og efnisleg þekking hafi mjög oft endurspeglast í listaverkum samtímans. Sérstaklega er þetta áberandi í tónlist, sem hefur í gegnum aldirnar iðulega dregið sér vnanan skammt af þekkingarsviði mannsandans. Sem dæmi má nefna hljóðferasmíð og tónsmíðar. Sú fyrrgreinda byggist að miklu leiti á uppbyggingu og samspili efnis og hljóðs. Tónsmíðar hafa hins vegar frekar verið í tengslum við hugmyndafræðilegar vangaveltur.

Færa má rök að því að mest öll tónlist sé ávallt byggð á einhverskonar hljóðferum, misflóknum auðvitað, en engu að síður tækjum til framleiðslu hljóða. Þau geta verið af margskonar tagi, til dæmis í formi konsertflygils, bambusflautu, pípuorgels, - nú eða jafnvel hljóðgervils eða tölvu. Þess vegna er oft hæpið að aðgreina tónlistarstefnur eftir því hvaða hljóðferi eru notuð, en eins og kunnugt er hefur sú oft verið raunin, sérstaklega nú með tilkomu raf- og tölvutónlistar. Vegna þess hve um ólíkan hljóðheim er um að ræða vill oft gleymast að við erum enn að plægja sama akurinn, þrátt fyrir að ný gerð plógs sé kominn í spilið. Endapunkturinn hlýtur alltaf að vera plógstjórinn - þ.e. tónskáldið og flytjandinn - algjörlega án tillits til þess fyrir hvaða hljóðferi tónverkið er skrifað. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga. Að vísu er val hljóðanna ef til vill annað en en við heyrum á pianótónleikum svo dæmi sé tekið, og mjög oft lögð áhersla frekar á hljóð en tóna við gerð verksins, en engu að síður eru lögmálin nákvæmlega þau sömu og áður. Þess vegna er ekki nauðsynlegt að "skipta um eyru" eða setja sig í allt aðrar stellingar við að "skilja" hljóðlist frekar en t.d. pianótónlist. Á sama hátt tryggir aukin tækni í hljóðferasmíð ekki gæði tónverksins. Það hlýtur að halda áfram að standa eða falla með tónskáldinu en ekki hljóðferunum eins og áður. Kartöflurnar halda áfram að bragðast jafn vel (eða illa!) án tillits til nýrri, fullkonnari plógs.

Megintilgangur þessara tónleika er að kynna og jafnframt að gefa sögulegt yfirlit á íslenskrri tæknitónlist. Í aðalatriðum má skipta hljóðlistinni sem flutt verður í þrjú flokka, sem oft blandast meira eða minna: Raftónlist (eða elektróníska tónlist), þar sem hljóðin eru framleidd með ýmsum raftækjum, svo sem hljóðgervlum (synthesizerum), filterum o.s.frv. Þessum flokki heyra til flest verkin, enda er þetta elsti og rótgrónasti þáttur tæknitónlistar. Þá eru nokkur tölvutónverk sem samin hafa verið á síðustu 13 árum, en eins og nafnið bendir til er tölvan notuð sem

hljóðgjafi og aðferðafræðilegt tæki. Ahugi á þessari grein hefur farið sívaxandi síðustu ár með auknum framförum, og spá margir að tölvutónlist sé annaðhvort rökréttur arftaki raftónlistar, eða þá að raf- og tölvutónlist muni samtvinnast þar sem kostir beggja eru virkjaðir. Að síðustu eru svo tónverk þar sem notast er við umhverfishljóð (musique concrete) sem unnin eru á segulböndum.

Tímasvið efnisskrárinnar spannar tæp tuttugu og fimm ár og er fyrsta verkið samið um 1960. Reyndar nær íslensk raftónlistarsaga ekki mikið lengra aftur í tímann og er þess vegna fróðlegt að staldra við og heyra hvað áunnist hefur í þessum efnum hér á landi til þessa. Þegar haft er í huga að ekki hafa verið til tölvu- og rafhljóðver hér á landi*, má segja að um furðu auðugan garð sé að gresja og er ástæðan fyrst og fremst sú að tónsmíðir hafa leitað á nándir nágrannabjóða eða verið boðið að vinna í vandaðri aðstöðu þeirra. Þetta hefur leitt til þess að íslensk verk hafa mörg hver verið unnin í nokkrum af bestu tölvuhljóðverum heims. Sem dæmi má nefna IRCAM (tónlistardeild Pompidou safns) í París, Stanford University og La Jolla í Kaliforníu, EMS-Studios í Stokkhólmi og Utrechtt í Hollandi. Því má þó bæta við að nokkur raftónverk hafa verið unnin hér á landi og ber fyrst að nefna brautryðjandann Magnús Blöndal Jóhannsson, því að hann á heiðurinn af fyrsta raftónverkinu sem unnið hefur verið hér, þ.e. "Elektrónísk Stúdíó með blásarakvintetti og píanói". Slík verk sem eru fyrir hljóðferi ásamt raf- eða tölvuhljóðum verða ekki flutt í þetta sinn. Má þó nefna að töluvert liggur eftir íslenska tónsmíði af þannig verkum og mun svo sannarlega vera þörf á að kynna þau síðar meir.

Þorsteinn Hauksson

*Að undanskildu merkilegu framlagi Tónmenntaskólans í Reykjavík með stofnun lítils rafhljóðvers fyrir nemendur skólans.

I S L E N S K H L J O D L I S T

E F N I S S K R A

Miðvikudaginn, 27. júní

Kl. 17 og endurtekið kl. 20:30

Lárus H. Grímsson:

"... og þá riðu hetjur um héruð"

Kjartan Ólafsson:

Píslarsagan (1982-83)

Dorsteinn Hauksson:

Tvær Etyður (1980)

Gunnar Reynir Sveinsson:

Dropar & Kirkjugarðsballi (1980)*

Fimmtudaginn, 28. júní

Kl. 17 og endurtekið kl. 20:30

Magnús Blöndal Jóhannsson:

Vals Romantique (1981)

Helgi Pétursson:

Trans I og II (1984)*

Snorri S. Birgisson:

Ad arborem inversam (1979)

Dorkell Sigurbjörnsson:

Kappakstursbraut (1975)*,
Síðasta lag fyrir fréttir (1974)

* Frumflutningur

Föstudaginn, 29. júní

Kl. 17 og endurtekið kl. 20:30

Gunnar Reynir Sveinsson:
Frjósemisdans úr Garðveislú (1982)

Magnús Blöndal Jóhannsson:
Atmos I og III (1981)

Lárus H. Grímsson:
Vetrarrómantík

Laugardaginn, 30. júní

Kl. 15 og endurtekið kl. 17

Dorkell Sigurbjörnsson:
Fípur (1971)

Dorsteinn Hauksson:
Sónata (1980)

Magnús Blöndal Jóhannsson:
Samstirni (1960)

Gunnar Reynir Sveinsson (f. 1933)

Hljóðfæraleikari í Jazz og danshljómsveitum 1950-63. Stundaði nám í tónsmíðum hjá Jóni Þórarinssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík frá 1955 til lokaprófs 1961. Framhaldsnám við Amsterdamsch Conservatorium hjá Ton de Leeuw og Léon Orthell 1964-67. Við Ríkisuniversiteit te Utrecht, Instituud voor Sonologie hjá Michael Koenig og Dr. Werner Kaegle 1973-74. Gunnar Reynir hefur samið mikið fyrir leikhús, kvikmyndir og sjónvarp. Nýjasta innlegg Gunnars Reynis á raftónlistarsviðinu er tónlist hans við leikritið "Milli skinns og hörunds" og "Skakki turninn í Písa" eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Um verk sín "Dropar á Kirkjugarðsballi" og "Frjósemisdans" segir höfundur:

Dropar á Kirkjugarðsballi (samið 1980) er prógrammúsík. Einskonar efnisþráður er sóttur í Þjóðsöguna um útburðinn og duluna. Verkið er blanda af Musique Concrete og elektronik. Náttúruhljóðin sem bera tónsmíðina uppi eru vatnsdropar. Þeir birtast í sífbreytilegum myndum í gegn um allt verkið, allt frá solodropaspili yfir í tveggja, þriggja og fjögurra radda kontrapunkt. Þeir hljóma síðar eins og spilað sé á glerbrot, einskonar slaghörpu og allavega. Við þetta bætast hljóðfæri og raddir. Flytjendur eru höfundur, stúlkur úr Hamrahlíðarkórnum og svo vinir og félagar. Lokavinnsla fór fram í samvinnu við Gunnar Smára tæknimann í Hljóðrita, Hafnarfirði. Verkið er tileinkað Þorsteini Hannessyni söngvara.

Frjósemisdans úr "Garðveislur" eftir Guðmund Steinsson var saminn 1982, og er einskonar "breakmúsík". Þetta er léttur erotikur dans sem skýrir sig sjálfur.

Helgi Pétursson (f. 1962)

hóf tónlistarnám í Tónlistarskóla Húsavíkur, þar sem hann lauk 4. stigi í orgelleik, en stundaði síðan nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og útskrifaðist þaðan úr tónmenntakennaradeild. Að auki hefur hann verið við orgelnám hjá Marteini H. Friðrikssyni og notið leiðsagnar í tónsmíðum hjá Þorkatli Sigurbjörnssyni og Atla Heimi Sveinssyni. Aður hafa verið flutt eftir hann verk á tónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík og á Ung Nordisk Musikfest.

Um verk sín "Trans I og II" segir höfundur:

Trans I og II eru tvö samstæð verk, unnin í júní, 1984, en ástæðan fyrir því að þau eru svona ný er sú, að megin hvatinn að gerð þeirra voru þessir tónleikar. Ekki þarf að fjölyrða um það, hvað verkið á að túlka því að það á nafn þess að gefa til kynna (sbr. sögnin að falla í trans). Í fyrra verkinu er einungis notast við elektrónísk hljóð, en síðara verkið er einnig byggt á "concrete" hljóðum. Bæði verkin eru unnin á Roland Jupiter-8 hljóðgervil.

Kjartan Ólafsson (f. 1958)

lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð árið 1980 og nú í vor burtfararprófi frá tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík. Aðalkennarar voru Þorkell Sigurbjörnsson og Atli Heimir Sveinsson. Aður hafa verið flutt verk eftir Kjartan og nú síðast tónlist við leikritið "Litli Prinsinn".

Um verk sitt "Píslarsagan" segir höfundur:

Píslarsaga Síra Jóns Magnússonar er skrifuð árið 1659 af Síra Jóni Magnússyni, þáverandi sóknarpresti á Eyri við Skutulsfjörð. Jón prestur hafði á þessum tíma látið brenna nokkur sóknarborn sín vegna þeirrar galdraofsóknar sem prestur taldi sig hafa orðið fyrir. Píslarsagan er því nokkurskonar varnarrit hans vegna þessara galdrakvenna. Í hljóðverkinu um Píslarsöguna er stuðst við nokkra valda kafla úr sögunni sem hljóðskreyttir voru með tönnum, hljóðum og óhljóðum. Hljóðverkið var unnið í hljóðveri Tónmenntaskólans veturinn 1982-83. Lesari í verkinu er Magnús Ragnarsson.

Lárus H. Grímsson (f. 1954)

stundaði nám í þverflautuleik undir leiðsögn Jósefs Magnússonar. Einnig stundaði hann nám í bláarakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík. Hann lét á tímabili að sér kveða sem hljómborðs og flautuleikari bæði sem stúdíóhljóðfæraleikari og meðleikari í ýmsum hljómsveitum. Hann hélt til Hollands 1979 og stundaði nám við Instituud voor Sonologie í Utrecht. Að því námi loknu bauðst honum þar starfsaðstaða til frekari tónsmíða. Þar dvelst hann nú og sækir einnig einkatíma. Lárus hefur hlotið námsstyrki frá Hollenska ríkinu og verk hans hafa unnið þar til verðlauna og verið flutt víða erlendis.

Magnús Blöndal Jóhannsson (f. 1925)

stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Reykjavík. Meðal kennara hans þar var Dr. Victor Urbansitch. Síðan fór hann til New York til framhaldsnáms við Juillard tónlistarskólann í ýmsum greinum tónlistar. Sem kunnugt er hefur Magnús samið raftónlist, kvikmyndatónlist, hljómsveitarverk ásamt fjölda annarra verka, auk þess að hafa starfað sem hljómsveitarstjóri og undirleikari við Þjóðleikhúsið. Magnús dvelst nú í New York, þar sem hann hefur búið s.l. 7 ár.

Um "Samstirni", "Atmos I og III" og "Vals Romantique" segir höfundur:

Samstirni er fyrsta verk sem ég geri þar sem notað er hljómfni, sem annars vegar eru "raftónar"-sínustónar og hins vegar hljómfni sem flutt er af hljóðferum og mannsröddum auk annarra hljóðgjafa sem síðan er umbreytt í úrvinnslu á segulbönd með mismunandi aðferðum, svo sem klippingum, auknum hraða, minnkandi hraða, sumpart með að hljómfnið er leikið afturábak, sumpart með því að því er breytt í sibyljur og svo mætti lengi telja.

Atmos I og III eru upphaflega samin fyrir synthesizer, þó að Atmos I hafi seinna verið umskrifað fyrir hljómsveit og einleiksflautu. Það er lítið hægt að segja um þessi verk annað en að þau eru í Ný-romantískum stíl og því algjör andstæða við bæði Samstirni og Funkta. Þau eru samantvinnuð af kontrapunkti og þá sérstaklega Atmos III sem á stundum er káótískur.

Sama má segja um Vals-Romantique, þó hann sé ekki káótískur, gætir þar samskonar samvefnaðs af kontrapunkti. Eins og nafnið bendir til er hér einnig um rómantískt verk að ræða.

Snorri Sigfús Birgisson (f. 1954)

stundaði nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík til ársins 1974 og erlendis næstu árin en starfar nú hér heima sem tónlistarmaður og kennari. Snorri hefur samið raftónlist, kammertónlist og hljómsveitarverk sem hafa víða verið flutt, bæði heima og erlendis.

Um verk sitt "Ad arborem inversam" segir höfundur:

Ad arborem inversam (sem NOMUS pantaði) var samið í Oslo sumarið 1979, að loknum lestri bókar um heimstréð. Rætur þess eru á himnum og á greinum þess vaxa steinar og fuglar og á þeim kviknar eldur.

Dorkell Sigurbjörnsson (f. 1938)

fór fyrst að þreifa fyrir sér með raftónlist við Illinoisháskóla haustið 1959. Eitt afsprengi þeirra þreifinga (Leikar nr. 3) heyrðist hér opinberlega á Musica Nova tónleikum 1962. Sumarið 1971 lauk hann við fyrstu tölvutónsmíð sína hjá EMS í Stokkhólmi. Verkið heitir Fípur og ber nafn með rentu.

Vorið 1975 samdi hann tvær aðrar tölvutónsmíðar í Center for Music Experiment við Suður Kaliforníuháskóla í La Jolla. Þær voru báðar "keyrðar út" á föstudaginn langa og heita því "Föstudagurinn langi í La Jolla I og II", og voru gefnar út á hljómplötu í Bandaríkjunum fyrir fáeinum árum.

Frá sama tíma er "analog" rafhljóðverkið "Kappakstursbraut". Það hefur aldrei heyrst fyrr opinberlega. Sem virðingargöttur við sérkennilegt, þjóðlegt fyrirbæri varð "Síðasta lag fyrir fréttir" til á Þjóðhátíðarárinu 1974.

Dorsteinn Hauksson (f. 1949)

Lauk einleikaraprófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Aðalkennarar voru Rögnvaldur Sigurjónsson og Dorkell Sigurbjörnsson. Framhaldsnám í tónsmíðum við University of Illinois í Bandaríkjunum og lauk þaðan Master of Music gráðu árið 1977. Vann við tónsmíðar og rannsóknir við IRCAM, Pompidousafninu í París 1978-80 og síðastliðin fjögur ár við Stanford University í Kaliforníu. Dorsteinn hefur samið tölvu-, raf-, kammer- og hljómsveitarverk sem flutt hafa verið víða, aðallega erlendis.

Um verkin "Sónata" og "Tvær Etýður" segir höfundur:

Sónata er samin árið 1980 og unnin í EMS-hljóðverinu í Stokkhólmi, þar sem DEC PDP-15 tölva var notuð við hljóðgerð og aðferðafræði. Eins og nafnið bendir til er þetta verk nokkurs konar könnun hljóðheims, og í þessu tilviki hljóðheims tölvunnar. Við uppbyggingu verksins, sem er að mörgu leiti klassísk, er notast m.a. við tóntegundir af ýmsum gerðum og eru mikrótónstigar og kirkjutóntegundir algengastar.

Tvær Etýður eru skrifaðar og unnar sama ár og Sónatan, í IRCAM, Pompidou listamiðstöðinni, París í framhaldi af rannsóknum mínum á skipulagi yfirtónaraða í tónsmíðum. Þessar Etýður voru fyrsti árangur af grúski mínu, þar sem aðaltakmarkið var að samhefa hljóðgerðina og tónsmíðina í eina og samstæða heild, svipað og í eldri samhljóða og ómbliðri tónlist. Einnig var þetta verk hugsað sem eins konar stökkpallur eða efling fyrir mun umfangsmeira verk sem ég lauk í IRCAM nokkru seinna, en það er skrifað fyrir málblásara, slagverk og tölvuhljóð, og heitir "Are We?"

Þakklæti til:

Hljómdeildar Fálkans h/f fyrir afnot
af hljómflutningstækjum

Tölvufræðslunnar s/f og Tryggva Arnasonar
fyrir aðstoðu til ritvinnslu

Tónmenntaskólans í Reykjavík og allra
annarra sem veitt hafa vinsamlega
aðstoð.